



*Minnispunktur af málþingi um samstarf um útfararþjónustu sem haldið var í Viðey fimmtudaginn 23. nóvember 2006. Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma og Kirkjugarðasamband Íslands buðu prestum, djáknum, útfararstjórum og starfsmönnum kirkjugarða í Reykjavíkurprófastsdæmum og Kjalarnesprófastsdæmi. Auk þess sátu málþingið fulltrúar ofangreindra starfsstétta frá Akureyri, Selfossi, Akranesi, Borgarnesi og víðar.*

*Málþingið hófst kl. 11:00 og því lauk kl. 15:00. Matarhlé var milli kl. 12:30-14:00. Prófastarnir sr. Jón Dalbú Hróbjartsson og sr. Gísli Jónasson stýrðu fundi. Fundargerð<sup>1</sup> ritaði Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri. Fyrirlesarar á málþinginu voru: Sr. Kristján Valur Ingólfsson, sr. Bragi Skúlason, Arnór L. Pálsson, framkv.stj. Rúnar Geirmundsson útfararstj. og Smári Sigurðsson framkv.stj. Kirkjugarða Akureyrar.*

Þórsteinn Ragnarsson setti fundinn og sagði í ávarpsorðum sínum að löngu væri tímabært að halda slíkt málþing og með slíku þingi væru vonir bundnar við að þær stéttir sem kæmu að þjónustu við látið fólk og aðstandendur þeirra gætu skipst á skoðunum til að tryggja góða samvinnu. Þórsteinn sagði að þörf fyrir slíkan vettvang væri ljós, hún hefði raunar komið fram á aðalfundum Kirkjugarðasambands Íslands þar sem fulltrúar kirkjugarða víðsvegar af landinu hafi komið saman sl. 11 ár og margir hverjir starfi jafnhliða við útfararþjónustu og að málefnum kirkjugarða. Á þessum aðalfundum hefði útfararþjónustan ekki verið formlega á dagskrá en engu að síður hefði óformleg umræða tíðum snúist um þann þátt starfsins. Þórsteinn sagði að markmið málþingsins í Viðey væri fyrst og síðast að efla skilning á störfum hvefarr stéttar og tryggja góða og samstillta þjónustu á þessu viðkvæma sviði mannlífsins.

Helsta inntak hvers framsöguerindis.

**Sr. Kristján Valur** sagði frá innihaldi frumvarps til laga um breytingar á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og störfum nefndar sem vann tillögurnar. Sr. Kristján Valur fór fyrst yfir innihald skipunarbréfs nefndarmanna. Verkefni nefndarinnar var eftirfarandi:

---

<sup>1</sup> Fundargerð þessi er óvenju ítarleg og er það gert til að hún endurspegli á sem skýrastan hátt það sem fram fór á málþinginu og verði lesandanum þar með að meira gagni. Athugasemdir við fundargerðina, ef einhverjar eru, skulu sendar til Þórsteins Ragnarssonar: [thrag@kirkjugardar.is](mailto:thrag@kirkjugardar.is)



- ✓ Að fara yfir lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 með síðari breytingum, svo og önnur lög, með það fyrir augum að setja fram tillögu að lagabreytingum um þá þætti, sem ástæða kann að vera til að breyta í ljósi væntanlegra siðareglna.
- ✓ Að endurskoða reglugerð um útfararþjónustu nr. 233/1995 með síðari breytingum.
- ✓ Að semja tillögu að siðareglum fyrir útfararstofur og starfsmenn þeirra svo og aðra sem koma að þjónustu við látið fólk og aðstandendur þeirra.
- ✓ Að leggja fram tillögur um sameiginlegan vettvang fyrir útfararstofur á Íslandi, m.a. hvort rétt sé að stofnað verði landssamband útfararstofa eða annars konar samtök.

Fram kom hjá sr. Kristjáni Val að verksvið nefndarinnar jókst á starfstímanum og endurskoðun laga varð víðtækari en gert var ráð fyrir í upphafi.

Þessar voru helstu breytingatillögur sem nefndin gerði:

- ✓ Nefndin setur hvarvetna inn orðið „kirkjugarðsstjórn“ þar sem gildandi lög tala um fleiri aðila í samræmi við gildandi reglur.
- ✓ Lagt er til að heiti laganna verði breytt og orðinu „grafreiti“ bætt þar
- ✓ Í 1. gr. er lagt til að flytja skuli lík í líkhús eftir að lækni er búinn að úrskurða mann látinn og að tilgreina skuli hámarks dagafjölda sem megi vera frá andláti að útför.
- ✓ Í 3. gr. er lagt til að óheimilt sé að greftra lík eða brenna nema það sé í kistu og hjúpað líkklæðum eða öðrum klæðnaði.  
Kristján Valur benti á að Kirkjubing hefði lagt til að gefin yrði undanþága ef um sérstaka trúarhópa væri að ræða sem hefðu þann sið að grafa án kistu.
- ✓ Bætt er við sérstökum kafla (2. kafli 4. og 5. gr.) um flutning kistu eða duftkers milli landshluta eða milli landa og í 5. grein er lagt til að ráðuneytið setji leiðbeinandi reglur um flutninginn.
- ✓ Í nýjum kirkjugörðum er skylt að gera ráð fyrir óvígðum reit og sérstökum reitum fyrir önnur trúarbrögð en kristin (6. gr.).



- ✓ Sérstakur kafli er um kirkjugarða og grafreiti og friðhelgi þeirra. Þar kemur fram að heimilt sé að afmarka sérstaka reiti fyrir mismunandi trúarbrögð og einnig óvígðan reit ef hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn samþykkir. Auk þessa er bætt við ákvæði í 7. gr. um sérstakan minningarreit við kirkju vegna horfinna, látinna og druknaðra er skuli njóta sömu friðhelgi og legstaður.
- ✓ Ákvæði er varða bálstofur, duftker og greftrun þeirra (8., 9., 10. og 11. gr.) eru sett í sérstakan kafla (4. kafli).
- ✓ Sérstakur kafli er um útför og þá sem koma að útförum og þjónustu við látna og aðstandendur þeirra (12., 13., 14. og 15. gr.). Vakin er sérstök athygli á að hugtakið „útför“ sé skilgreint í 12. gr. og ákvæði um að ráðherra skipi eftirlitsnefnd og setji henni erindisbréf í 15. gr. Kristján ræddi það sérstaklega að prestar í kirkjunni ættu ekki að koma að útförum þar sem ekki væri óskað eftir kirkjulegum yfirsöng heldur að leyfa hinum látnu að halda sínum sið.
- ✓ Í 28. gr. er lagt til að heimild verði veitt til að taka gjald í líkhúsi til að tryggja eftirlit.
- ✓ Í 30. grein er lagt til að heimilt verði að grafa kistu ungbarns í leiði. Í tengslum við þetta má benda á breytingu í 3. mgr. 3. gr. þar sem með jákvæðu orðalagi er lagt til að jarðsetja megi lík andvanafædds barns í stað neikvæðs orðalags.
- ✓ Í 46. gr. er lagt til að heimilt verði að gera þjónustusamning við Kirkjugarðasamband Íslands. Í þeirri grein er einnig vakin athygli á að reglugerð um kirkjugarðasjóð hefur aldrei verið sett og er nauðsynlegt að bæta úr því.

Niðurstaða nefndarinnar varðandi siðareglur fyrir útfararstofur var sú að tefla fram alþjóðlegum reglum. Fram kom hjá Kristjáni Val að ekki þótti eðlilegt að semja siðareglur fyrir hóp manna sem eiga að vinna eftir þeim heldur tefla fram alþjóðlegum reglum sem væri rammi að sérstökum siðareglum sem stéttin sjálf setti sér.

**Sr. Bragi** sagðist fagna Viðeyjarfundi og minnti á að í Viðey hefðu verið stofnaðar ríkisstjórnir og vel væri viðeigandi að vinna þar að stefnumótun og öðru slíku. Sr. Bragi lagði fram punkta sem urðu til á fundum með starfsmönnum KGRP á þessu ári og í fyrra og fjölluðu um samstarf þeirra



mörgu aðila sem koma að þessari þjónustu. Áður en sr. Bragi fór yfir punktana sagði hann frá spá Hagstofu Íslands um mikla aukningu andláta næstu áratugina og nefndi að aukningin yrði yfir 100% á næstu 40 árum. Það væri því líklegt að margt í útfararsíðum muni verða fyrir áhrifum af þessari þróun. Síðan rakti sr. Bragi eftirfarandi punkta og ræddi út frá þeim:

Ábendingar starfsfólks í Gufuneskirkjugarði og Fossvogskirkjugarði 2005-2006:

- ✓ Stytta þarf viðveru syrgjenda við gröf, sérstaklega vegna útfara kl. 15:00.
- ✓ Er ritúal presta við gröf til þess fallið að gefa aðstandendum "leyfi" til að fara þaðan?
- ✓ Eru prestar almennt hjá aðstandendum við gröfina, þar til þeir fara þaðan?
- ✓ Starfsmenn þurfa svigrúm til að geta unnið verk sitt.

Duftkerum verði sýnd meiri virðing:

- ✓ Grafartaka sé pöntuð með dags fyrirvara.
- ✓ Prestar vilja flestir vera viðstaddir jarðsetningu, en aðstandendur virðast ekki allir vita af þeim möguleika.
- ✓ Ef prestur er ekki viðstaddur, þá þyrfti að koma upp vinnureglum fyrir starfsfólk (athöfn?) í samvinnu við starfsmenn útfararstofa.
- ✓ Prestar og útfararstjórar senda syrgjendur í kirkjugarða til að "velja sér leiði". Valið takmarkast af því hvar verið er að grafa hverju sinni.

Umgengni í kirkjugörðum:

- ✓ Bílaumferð um kirkjugarða er mikil. Bílum er lagt utan í leiði, legsteinar skemmdir.
- ✓ Vantar oft upp á tillitssemi og virðingu.
- ✓ Menn telja sig "eiga" leiði og tiltekin bílastæði.
- ✓ Getur kirkjan veitt fræðslu og gegnt leiðbeinandi hlutverki varðandi reglusetningu og jákvæða umfjöllun?

Þjónustuaðilar fegri ekki sinn þátt þjónustunnar á kostnað annarra stétta. Menn beri ábyrgð á sínu starfi.

Samskipti starfsmanna kirkjugarða við syrgjendur.



- ✓ Oft er leitað til þeirra varðandi veitingu upplýsinga, sem þeir hafa ekki aðgang að. Vantar eitt símanúmer til að vísa á. Hvar gætu þeir sjálfir sótt fræðslu? Hver á að skipuleggja slíka fræðslu?
- ✓ Hvert eiga starfsmenn að vísa þeim syrgjendum, sem eru í mikilli þörf?
- ✓ Huga þarf sérstaklega að umgengni við börn í hópi syrgjenda.

Óskir voru settar fram um gagnkvæmar heimsóknir þjónustuaðila:

- ✓ Kynna sér störf hvers annars.
- ✓ Ræða þau atriði, sem betur mættu fara.

Í ljósi þess, að á næstu áratugum mun fjöldi útfara aukast mikið, er óskað eftir umræðu um eftirfarandi atriði:

- ✓ Hvernig er hægt að takmarka fjölda athafna á sama tíma? Það leiðir af sér að margar líkfyldir koma á sama tíma í kirkjugarð.
- ✓ Er raunhæft að hætta að vera með fjölmennar athafnir kl. 15:00 á föstudögum? Mikil umferð á háannatíma.
- ✓ Eykst framboð á sálgæslu og stuðningshópum af hálfu kirkjunnar í réttu hlutfalli við mikla fjölgun útfara?
- ✓ Verða í framtíðinni útfarir um helgar á höfuðborgarsvæðinu?

Til umhugsunar:

- ✓ Reikna má með áframhaldandi hlutfallslegri fjölgun bálfara. Ef prestar munu fylgja syrgjendum í garðinn þegar að greftrun kemur, þá þarf að samræma tíma fyrir slíkar athafnir.
- ✓ Athafnir í tengslum við dreifingu dufts utan kirkjugarða. Hönnun sérstakra duftkera t.d. vegna dreifingu dufts á sjó?
- ✓ Með um 100% fjölgun dauðsfalla á næsta aldarfjórðungi samkvæmt spám þarf að ræða hvar þær athafnir muni fara fram. Á að stefna að byggingu fleiri “útfarakirkna”, eða munu sóknarkirkjur taka við þessum athöfnum?

**Arnór** rakti sögu útfararþjónustu í Reykjavík frá öndverðu til dagsins í dag og kom þar fram að fyrst var grafið í Víkurgarð og tóku þá líkmenn grafirnar, en frá árinu 1838 var grafið í Hólavallagarð og var þá grafið eftir sérstöku skipulagi og grafari ráðinn. Lengra var frá Dómkirkjunni í Hólavallagarð en í Víkurgarð og var þá brugðið til þess ráðs að leigja hestvagna



og var nú grundvöllur kominn fyrir útfararþjónustu. Húsgagnasmiðir smíðuðu gjarnan kistur á þessum tíma og mun það hafa verið Eyvindur Árnason sem fyrstur gerðist útfararstjóri að atvinnu og fór hann að nota bíla við útfararþjónustu um 1930. Útfararþjónusta í Fossvogskirkjugarði á vegum kirkjugarðsstjórnarinnar hófst þegar Fossvogskapella var vígð 1948 og var það Helgi Guðmundsson sem annaðist þá þjónustu og Jóhann Kr. Þorleifsson var fyrsti starfsmaður bálstofunnar þegar hún var tekin í notkun á sama ári. Kistur voru fyrst framleiddar á trésmíðaverkstæðum í bænum en síðan var Líkkistuverkstæði Tryggva Árnasonar tekið á leigu og Kjartan Jónsson starfsmaður hans var fenginn til að annast reksturinn. Það var síðan 1951 sem Kirkjugarðarnir settu á stofn eigið kistuverkstæði og hófu útfararþjónustu með föstu verði. Ástæða þess að Kirkjugarðarnir hófu útfararþjónustu var hátt verðlag á útförum og mismunun tengd því. Fyrstu áratugina var þjónustan bundin við Fossvog en á áttunda áratugnum náði þjónusta Útfararstofu Kirkjugarðanna til sóknarkirkna á höfuðborgarsvæðinu. Síðan rakti Arnór hvaða einkaaðilar stofnuðu útfararstofur og fór yfir lagasetningu 1993 er varðaði samkeppni í útfararþjónustu. Fram kom að nú væru starfandi 7 útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu.

**Rúnar** sagði frá stofnun Félags íslenskra útfararstjóra (FÍÚ) árið 2005 og fór yfir markmið félagsins:

- ✓ Að efla samheldni með útfararstjórum.
- ✓ Að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna.
- ✓ Að setja siðareglur um starfsemi og framkvæmd starfa útfararstjóra.
- ✓ Að gæta hagsmuna útfararstjóra í hvívetna og vera í forsvari fyrir stéttina gagnvart stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.
- ✓ Að stuðla að fræðslu og upplýsingagjöf til félagsmanna.
- ✓ Að taka þátt í og vera í forsvari fyrir félagsmenn í samvinnu við systrafélög á Norðurlöndum og í Evrópu.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að skapa tengsl milli starfandi útfararstjóra hér á landi, efna til kynningarfunda og fyrirlestra meðal félagsmanna um fagleg og félagsleg efni, efla persónuleg kynni útfararstjóra m.a. með því að stofna til mannfagnaða og setja siðareglur um starfsemi og framkvæmd starfa útfararstjóra.

Síðan fór Rúnar yfir lög félagsins og sagði frá siðareglum þess. Að því loknu sagði hann frá líkhúsi sem hann hefur sett á stofn á Stórhöfða í Reykjavík og sýndi myndir innandyra. Síðan sagði Rúnar frá sýningarferð



til Kína þar sem hann skoðaði m.a. kistur og líkbrennsluofna. Að lokum sagði Rúnar frá því sem væri að gerast í evrópskri kistuframleiðslu og sýndi bækling um andlát sem Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Þjóðkirkjan hafa gefið út.

**Smári** sagði frá tilurð Útfararþjónustu Kirkjugarða Akureyrar fyrir 9 árum og hvernig útfararþjónusta hafði verið áður en Útfararþjónustan (ÚÞ) var stofnuð. Smári sagði að við stofnun Útfararþjónustunnar hafi fólk á svæðinu allt í einu þurft að fara að greiða fyrir þjónustuna sem hafði áður verið látin í té endurgjaldslaust. Íbúarnir sættu sig við þessar breytingar vegna þess að sköpuð hafði verið aðstaða sem var mjög góð (kapella og líkhús) og einnig kom til að í útfararþjónustuna fékkst mjög hæft fólk.

Smári sagði að ljóst væri að fyrirtæki í útfararþjónustu þyrfti að selja út þjónustu sína að öðrum kosti væri ekki hægt að starfrækja hana. Þó væri ekki hægt að veita alla þá þjónustu sem reglugerðin kvæði á um, s.s. að halda úti sólarhringsvakt, en allir (prestarnir, slökkviliðið og starfsmenn ÚÞ) leggjast á eitt og leysa það mál. Smári sagði frá vissri óánægju í nágrennasveitarfélögunum varðandi verðlagningu þjónustunnar, t.d. ef einstaklingur deyr á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og er þjónustaður af starfsmönnum ÚÞ gegn endurgjaldi sem ekki kæmi til greiðslu ef viðkomandi hefði dáið utan Akureyrar og verið kistulagður á heilbrigðisstofnun í heimabyggð og fluttur t.d. af lögreglunni á staðnum.

Smári sagði að góð samvinna væri á milli starfsmanna Kirkjugarða Akureyrar, ÚÞ og prestanna. Þessi hópur ynni afar vel saman. Smári ítrekaði að ÚÞ hefði á að skipa mjög hæfu starfsfólki og þess vegna væri það svolítið undarlegt þegar prestar sem kæmu til Akureyrar til að annast útfarir hefðu þeir tíðum með sér útfararþjónustuaðila og tónlistarfólk annarsstaðar frá og kannski væri þarna á ferðinni vísir að útfararþjónustu sem nefna mætti útfararþjónustan-group, þar sem allt hangir á einni spýtu: Presturinn, útfararþjónustan, organistinn og tónlistarfólkið. Smári sagðist ekki minnst þess að prestarnir á Akureyri taki með sér starfsmenn ÚÞ, þegar þeir færu að embætta utan þjónustusvæðisins.

### **Fyrirspurnir og umræður.**

**Geir Jón Þórisson**, yfirlögregluþjónn, tók til máls og gerði grein fyrir því hvers vegna honum hafi verið boðin þátttaka á þinginu. Það tengdist samstarfi lögreglunnar og útfararstofa í sambandi við umferð líkfylgda frá kirkju í kirkjugarð og þar hefði lögreglan ákveðnar tillögur til úrbóta, þ.e. að bílar í líkfylgdum yrðu merktir og mundi það auðvelda lögreglunni



umferðarstjórn og annarri umferð að sýna tillitssemi. Geir Jón sagði að Norðmenn hefðu þann háttinn á að setja kross með segulstáli á topp þeirra bifreiða sem fylgja líkbílum. Þetta gæti auðveldað umferðarstjórnun og aukið tillitssemi annarra ökumanna. Ljóst er að umferð er að þyngjast og eitthvað verður að gera og er þetta sú leið sem nærtækust er. Geir Jón sagði að töluvert væri leitað til lögreglunnar um að hún liðkaði fyrir líkfylgdum og slíkar merkingar gætu verið mikið hjálpartæki til þess að auðvelda þessa hluti. Geir Jón sagði að góð samvinna væri með lögreglunni og útfararstofunum og sú samvinna væri fólgin í því að liðka fyrir umferð við kirkjurnar en þar væri víða erfitt að fá bílastæði fyrir alla sem koma og síðan að hafa stjórn á umferðinni frá kirkju í kirkjugarð.

Geir Jón sagði að frá og með næstu áramótum mun lögreglulið sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sameinast undir nafninu Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.

**Sr. Gísli** þakkaði Geir Jóni hans innlegg og tók undir tillögu hans og sagði að umferðavandræðin í tengslum við líkfylgdir væru oft á tíðum mjög erfið fyrir aðstandendur og nefndi að fyrir skömmu hefði orðið árekstur milli bifreiðar í líkfylgd og bifreiðar utan líkfylgdarinnar sem tróð sér inn í röðina.

**Rúnar Geirmundsson** taldi að ekki kæmi til greina að setja merki með segulstáli á bílana, það gæti skapað útfararstofunum bótaskyldu en til greina kæmi að setja flögg úr plasti í glugga bílanna.

**Haldór S. Magnússon** tók undir tillögu Geirs Jóns en bætti við tillögu um að rútur yrðu teknar á leigu og þeir sem færu frá kirkju í garð yrðu keyrðir í einni ferð.

**Hádegishlé: 12:30 – 14:00<sup>2</sup>.**

Eftir hádegishlé hófust fyrirspurnir og umræður.

**Sr. Ragnheiður Jónsdóttir** spurði hvort rætt hafi verið um það í nefndinni, sem endurskoðaði lög um kirkjugarða, að setja upp aðstöðu á Keflavíkurflugvelli fyrir aðstandendur sem tækju á móti kistum erlendis frá. Þar væri engin aðstaða og aðstandendur þyrftu að sækja kistur í vörugeymslu á vellinum. Sr. Ragnheiður sagði að komið hefði verið upp

---

<sup>2</sup> Hádegishlé stóð yfir í 1,5 tíma vegna þess að það dróst um 45 mín. að bera fram matinn!



slíkri aðstöðu á flugvelli á Jótlandi. Sr. Ragnheiður óskaði einnig eftir því að fulltrúar frá útfararstofunum svöruðu þessu.

**Sr. Auður Eir** ræddi um Hólavallagarð, gamla kirkjugarðinn við Suðurgötu, og sagði að hann hefði mikla þýðingu fyrir marga og vitnaði í orð konu sem gekk um garðinn fyrir 30 árum að það hefði verið eins og að vera í kokteilpartíi að ganga um garðinn, þar væri svo mörg kunnugleg nöfn. Sr. Auður Eir sagðist ganga um garðinn og spurði „*hvort hann ætti að halda áfram að hverfa inn í sjálfan sig, þar væri allt að molna*“ og nefndi að erlendis væri víða betur á málum haldið.

Síðan vék sr. Auður Eir beint að útfararmálum og sagði að hún hefði verið því meðmælt að erfisdrykkja færi fram áður en jarðsett væri í garði. Sagðist hún með því tengja athöfnina í kirkju við erfisdrykkjuna enda teldi hún þetta vera sömu athöfnina. Væri það ekki gert hefði það þær afleiðingar að margir væru farnir úr erfisdrykkjunni þegar nánustu aðstandendur kæmu úr garði. Fyrir mér er þetta mikið alvörumál og ég er ekki að halda þessu að nokkurri manneskju, sagði sr. Auður, en ég tek þetta hér upp vegna þess að þetta er í þriðja skiptið sem málið er tekið upp þar sem ég er viðstödd.

Hún gerði athugasemd við það að útfararstjórnarnir væru að snúa fólki í þessu máli og taldi það ekki vera hlutverk þeirra

Að lokum sagði sr. Auður að samstarf presta og starfsmanna útfararstofa væri frábært.

**Inger Steinsson**, útfararstjóri, ræddi um þau tilvik, þegar ekki er óskað eftir presti þegar duftker er sett niður, að þá vantaði athöfn. Hún sagði að það væri leyst með því að hún eða samstarfsfólk færi með bæn.

Þá beindi Inger þeim tilmælum til presta að þeir upplýstu aðstandendur betur um athafnirnar, þ.e. hvað ætlast væri til af þeim, t.d. við kistulagningarbæn vissi fólk oft ekki hvenær það ætti að standa upp og signa yfir, presturinn væri þá stundum farinn út. „Það þarf að leiðbeina fólki meira en gert er“, sagði Inger.

**Davíð Ósvaldsson**, útfararstjóri, sagði að aukning útlendinga á Íslandi kallaði á nauðsyn þess að hugað væri að því að koma inn ákvæði um smurningu líka. Síðan benti Davíð á nauðsyn þess að strax væri mokað ofan á duftker eftir jarðsetningu. Að lokum benti hann á að útfararsíðanefnd hefði komið saman um 1950.



**Sr. Kristján Valur** svaraði fyrirspurn sr. Ragnheiðar og sagði að ákvæði um afhendingarstað kistu væri ekki að finna í tillögum nefndarinnar en vissulega þyrfti að huga að slíku.

Þá sagði sr. Kristján Valur að það væri embættisskylda prests að skrá í prestspjónustubók hvar og hvenær duftker er jarðsett og verður presturinn því að vera viðstaddur eða fylgjast vel með því hvar og hvenær væri grafið.

**Sr. Ragnheiður** benti á nauðsyn þess að vekja athygli á þessu máli til að hugað væri að fjármagni fyrir slíka aðstöðu fyrir aðstandendur á flugvöllum.

**Þórsteinn Ragnarsson** forstjóri svaraði spurningu sr. Auðar Eir um Hólavallagarð og hnignun hans og sagði að mikið átak hefði verið gert í uppbyggingarmálum sl. 10 ár og þar hefðu orðið mikil stakkaskipti.

Varðandi þau tilvik að hefja erfisdrykkju áður en farið væri með kistu í garð taldi Þórsteinn að á hefði skort að haft væri samráð við alla hlutaðeigandi og sagði að ekki væri nóg að presturinn og aðstandendur ákvæðu slíkt heldur yrði að hafa um það samráð við starfsmenn viðkomandi útfararstofu og einnig starfsmenn kirkjugarðsins sem grafið væri í.

Þórsteinn sagðist ekki blanda sér í helgisiðfræðina í sambandi við erfisdrykkju á undan jarðsetningu, heldur mundi sr. Kristján Valur svara því eða prófastarnir.

**Sr. Auður Eir** sagðist hafa rætt þetta við Þórstein og þá hafi það snúist um aukakostnað sem aðstandendur beri, það væri ljóst. Málið snérist því um að fá útfararstjóra sem tæki þetta að sér.

**Erla Pálmadóttir**, forstöðumaður í Fossvogskirkju, beindi spurningu til sr. Kristjáns Vals er varðaði helgisiði. Erla sagði að einn prestur hefði í nokkrum tilfellum felld saman kistulagningarbæn og útför og við þá athöfn væri kistan höfð opin þar til að molda ætti og væri þá athöfnin stöðvuð með því að kistulokið væri sett á kistuna. Margir sem kæmu til að vera við útför teldu að þeir væru komnir í kistulagningarbæn og þetta væri því óþægilegt fyrir marga. Erla telur þetta vanvirðingu við kirkjugesti að stoppa athöfnina með þessum hætti.

**Heimir Bj. Janusarson**, forstöðumaður í Gufuneskirkjugarði, sagðist vilja ræða um þann sið að drekka erfi strax á eftir útför og sagði frá dæmi um slíkt og að líkfylgdin hafi komið rúmlega kl. 18:00 í garðinn. Heimir benti á að ekki væri nóg að skipta um útfararstofu ef einhver segði nei, heldur yrði að huga að því að fleiri en prestur og starfsmenn útfararstofa kæmu þar



að. Það er ekki hægt að bjóða starfsmönnum kirkjugarðanna upp á það að þeir sitji og bíði og bíði þangað til að líkfylgd komi í fyllingu tímans. Einnig snýst þetta um aðstandendur. Er hægt að bjóða þeim að koma upp í kirkjugarð í svarta myrkri og kannski slæmri færð og klöngrast með kistuna við illan leik? Heimir sagði að nú væri búið að setja takmörk á það hversu margar líkfylgdir kæmu í garðana á sama tíma og væri hámarkið 3 líkfylgdir. Þetta væri ekki gert fyrir starfsmenn kirkjugarðanna heldur fyrir aðstandendur til að koma í veg fyrir að öngþveiti myndaðist og fólk myndi ekki réttu líkfylgdina. Heimir ítrekaði að þessi vinna væri samstarf þriggja aðila: Presta, starfsmanna útfararstofa og starfsmanna kirkjugarða. Síðan óskaði Heimir eftir því að allir hlutaðeigandi aðilar færu að líta á þjónustu við líkfylgd duftkers jafn þýðingarmiklum augum og þjónustu við líkfylgd kistu en það bæri við að stundvísi væri ábótavant þegar um duftgrafir væri að ræða. Að lokum lagði Heimir til að felldur yrði niður útfarartíminn kl. 15:00 á föstudögum vegna umferðaröngþveitis o.fl.

**Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson**, prófastur, tók til máls og sagðist hafa þá skoðun að ekki væri eðlilegt að drekka erfi fyrir en eftir jarðsetningu kistu. Útförin í kirkju og jarðsetningin væri ein athöfn sem ekki ætti að rjúfa. Sr. Jón Dalbú minnti á að prestafundur í Reykjavík fyrir tveimur eða þremur árum hefði samþykkt að gera þetta ekki og sú umræða komst út til starfsmanna útfararstofa og er það skýring á því að þeir hafi lagst gegn þessu, svo og viðbrögð starfsmanna garðanna.

**Sr. Bragi** tók næstur til máls og tók undir það sem Inger Steinsson hafði minnst á, þ.e. að prestar upplýstu aðstandendur um merkingu athafna. Því betur sem við upplýsum fólk, bæði unga sem aldna, því betur getur athöfnin komið að gagni og orðið til huggunar. Þá spurði sr. Bragi um svonefndan líkpassa og hvort hans væri getið í frumvarpinu og þá með hvaða hætti. Slíkur passi þurfi að vera með ef lík eru flutt á milli landa.

**Páll Elíasson** taldi að erfisdrykkjan ætti skilyrðislaust að koma eftir að jarðsett hefur verið í garði og sagði að erfisdrykkjan væri í raun tæki til að gefa aðstandendum kost á að jafna sig eftir athöfnina. Páll áleit það mun erfiðara fyrir aðstandendur að fara beint úr athöfn í kirkju í erfisdrykkjuna og eiga þá eftir að fara í garðinn.

**María Jóna Einarsdóttir** vildi láta vita hvernig málum er varða erfisdrykkjuna væri háttað úti á landi og nefndi dæmi þegar útför fer fram í



Borgarnesi og jarðsett er t.d. í Reykholti að drukkið er erfi áður en farið er upp í Borgarfjörð.

María Jóna vék að öðru og sagði að algengt væri orðið að kistan væri borin út á hlað og þar væri signt yfir og síðan borið í garðinn og þangað færu aðeins þeir nánustu. Þá sagði hún að ellefutíminn væri nú að verða vinsælli en áður og síðan væri boðið í hangikjöt, uppstúf og grænar baunir. Síðan minnti María Jóna á að þeir sem annist útför eigi að gæta þess að virða þær hefðir sem fyrir eru á hverjum stað, ekki breyta þeim án þess að beiðni komi um það frá nánustu aðstandendum.

Að lokum spurði María Jóna um reglur varðandi líkflutninga, þ.e. hverjir megi flytja og í hvers konar farartækjum. María nefndi að lögreglan væri tíðum fengin til líkflutninga úti á landi og hefði ekki alltaf heppilega bíla til þess.

**Sr. Lena Rós Matthíasdóttir** tók undir þær raddir sem töluðu um gott samstarf á milli presta og útfararstofa og gott væri að halla sér að fólki sem hefði mikla reynslu og kynni sitt fag. Sr. Lena Rós sagði að ekkert væri jafn truflandi og þegar sími hringdi í útför. Til væru áminnandi skilti um að slökkva á sínum en best væri ef útfararstjórinn gengi fram í upphafi athafnar og minntist á að allir slökktu á sínum sínum.

**Sr. Óskar Óskarsson** tók undir athugasemdina frá Lenu og sagði frá tillögu sr. Hjalta Guðmundssonar á vígsludegi sr. Óskars, en þá lagði sr. Hjalti til að bætt yrði inn í ritualið í upphafi messu: „*Látum oss slökkva á farsínum vorum*“.

**Rúnar Geirmundsson** spurði sr. Kristján Val um reglur fyrir líkpassa og sagði að hann fengi misvísandi svör hvort þeir væru nauðsynlegir þegar lík væru flutt frá Íslandi til annarra landa. Þá vék Rúnar að aðstöðu á Keflavíkurflugvelli þegar líkkistur væru sóttar. Rúnar sagði að mjög strangar reglur giltu um umferð inn á vallarsvæðið, sérstaklega eftir 11. september 2001. Aðferðin er sú að vallaryfirvöldum er tilkynnt um að sækja eigi kistu og þá koma sérstakir verðir á bíl sem sækja aðstandendur og fylgja líkbílnum að flugvél og síðan út af vallarsvæðinu. Þessu verður varla breytt með reglugerð. Algengast er að kistan sé sótt án aðstandenda og farið sé með hana í næstu kirkju, oft í Fossvogskirkju, og þar sé tekið utan af kistunni í viðeigandi umhverfi.

Þá vék Rúnar að jarðsetningu duftkera og sagði að algengast væri að útfararstjórinn kæmi með duftkerið og við gröfina væri stutt athöfn og síðan lokuðu aðstandendur gröfinni. Útfararstjórar hafa reynt að hafa þessa tíma utan útfarartímanna, t.d. kl. 12:00 eða 16:00.



Rúnar nefndi að duftker vildu safnast upp í bálstofunni, þ.e. þau eru ekki jarðsett eftir brennslu og enginn virðist ýta á að það sé gert. Rúnar lagði til að gefinn verði ákveðinn frestur til að grafa duftker, t.d. mánuð, og eftir það yrði kerfið grafið, nema aðrar óskir kæmu fram.

**Þórsteinn** svaraði fyrirspurnum um líkpassana og sagði að nefndin, sem endurskoðaði lögin, hefði lagt til að bætt verði við sérstökum kafla (2. kafli 4. og 5. gr.) um flutning kistu eða duftkers milli landshluta eða milli landa og í 5. grein er lagt til að ráðuneytið setji leiðbeinandi reglur um flutninginn. Þórsteinn sagði að þessi mál væru ekki nógu skýr í dag og þess vegna hefði nefndin lagt til að ráðuneytið setti reglur um flutninginn sem væri leiðbeinandi og tæki af allan vafa.

**Sr. Jón Dalbú** sagði að hann hefði fengið tölvupóst frá sr. Jóni Helga Þórarinssyni sem bað um kveðjur á þingið og minnti á að gefnu tilefni að prestar hefðu fyrir nokkrum árum verið sammála um það að vera ekki með útfarir á laugardögum á höfuðborgarsvæðinu. Það mundi kalla á mikinn vanda og engin leið væri að annast fjölda útfara á laugardögum vegna þess að sóknarkirkjurnar væru flestar mikið bókaðar á þeim dögum. Einnig vildi sr. Jón Helgi koma því á framfæri við starfsmenn útfararstofa að þeir vísuðu sálma vali til prestanna eða organistanna en gengu ekki frá þeim málum sjálfir.

**Sr. Pálmi Matthíasson** þakkaði gott samstarf við starfsmenn útfararstofa og starfsmenn kirkjugarða og sagði að hann fyndi að allir leggðu sig fram við að sinna aðstandendum eftir bestu getu. Sr. Pálmi sagði að einnig væri gott að starfa með þeim sem annast þessa þjónustu úti á landi og nefndi þar Akureyri sem dæmi, þar væri gott starfsfólk og frábær aðstaða eftir að byggt var upp í garðinum. Sr. Pálmi ræddi næst um útfarir á laugardögum og sagði að hægt væri að koma á útför á laugardegi ef greitt væri aukalega fyrir það, en hvað með þá sem minni efni hafa? Þá varaði sr. Pálmi við þeirri þróun að leika tónlist af geisladiskum og sagði að það samrýmdist ekki stefnu þjóðkirkjunnar í tónlistarmálum en vildi hvetja til að ortir verði nýir útfarartextar. Minnti á að hægt væri að innheimta stefgjöld af húsnæðinu ef spiluð væri tónlist af diskum og einnig væri óheimilt að taka upp athafnir.

Að lokum sagði sr. Pálmi að hans reynsla væri sú að lengi væri hægt að leiðbeina fólki og það væri nauðsynlegt við þær erfiðu aðstæður, þegar fólk hefur misst sína nánustu.



**Sr. Kristján Valur** þakkaði fyrir gott tækifæri til að ræða samvinnu þeirra sem vinna við útfararþjónustu á breiðum grunni. Því næst svaraði hann Erlu og sagði að það væri aldrei gott ef fólk vissi ekki að hverju það gengi við athafnir en bentu á að þýðing kistulagningarbænar hefði minnkað með betri þjónustu á sjúkrastofnunum þar sem ástvinirnir séu oft kvaddir. Sú þróun er einnig í gangi að kistulagningarbænar og útför eru að færast nær í tíma og oft á sama degi og nánast hvor á eftir annarri. Ef um er að ræða útför í kyrrþey er heimild fyrir því að ekki þurfi að aðgreina athafnirnar heldur megi þær vera ein og sama athöfnin. Það er því ekkert í veginum að hafa eina athöfn í stað tveggja, en það þurfa allir að vita að hverju er gengið í þessum efnum til að valda fólki ekki óþægindum. Upphaflega hugsunin hefði verið sú að aðstandendur sjálfir tækju að sér að loka kistunni áður en moldað væri.

Þá svaraði sr. Kristján Valur spurningu Maríu Jónu um reglur um flutning líka og sagði að þær væru fyrir hendi en til sveita væru það oft nánustu aðstandendur eða vinir sem sæju um flutninginn og lögreglan sæi um flutninga ef um slys væri að ræða og oftar.

**Sr. Svanhildur Blöndal** svaraði fyrirspurn frá Erlu varðandi það að sameina kistulagningarbænar og útför. Fram kom að í þeim tilfellum sem það hafi verið gert, hefði verið um mjög aldri einstaklinga að ræða og útför farið fram í Kapellunni í Fossvogi og allir hefðu vitað um það sem fram færi. Sr. Svanhildur sagði að hún hefði rætt þetta áður við sr. Kristján Val og hann hefði sent henni athöfnina í tölvupósti og þær kvartanir sem kæmu frá Erlu fyrr á málþinginu hefðu komið sér verulega á óvart enda hefðu aðstandendur verið mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag. Sr. Svanhildur sagði að henni skildist á sr. Kristjáni Val að þetta form athafnar ætti að koma í helgisíðabók presta þegar hún kæmi út.

**Erla** sagði að aðrir prestar hefðu þann háttinn á að hafa athafnirnar aðskildar þó að þær væru hvor á eftir annarri og væri þá kistunni lokað við kistulagningarbæna og útförin hæfist á venjulegum útfarartíma, t.d. kl. 13:00 eða 15:00 eftir atvikum. Hún ítrekaði óþægindi vegna þessa, sérstaklega væri óþægilegt að þurfa að loka kistunni í miðri athöfn.

**Sr. Kristján Valur** svaraði því til að þessi aðferð sem sr. Svanhildur hefði við haft væri fullkomlega í lagi frá sjónarhóli kirkjunnar en ef það væri ekki í lagi frá sjónarhóli útfararþjónustunnar þurfi að laga það. Sr. Kristján sagðist taka málið til sín og hann skyldi fara yfir það.



**Sr. Jón Dalbú** tók því næst til máls og þakkaði fyrir góðan fund og sagðist taka undir það að samstarf þeirra aðila sem sætu þingið væri mjög gott og mjög þarft væri að halda slíka ráðstefnu og það yrði að gera reglulega.

**Þórsteinn** sagði að með þessu málþingi væri hafið samstarf og umræða sem þyrfti að fara fram a.m.k. annað hvert ár og e.t.v. væri ástæða til að halda næsta málþing eftir ár, þar sem enn væri í „pípunum“ margt sem ætti eftir að ræða og heyrði undir farsælt samstarf presta, útfararstjóra og starfsmanna kirkjugarðanna. Að síðustu ítrekaði Þórsteinn að markmið með málþinginu væri að ná góðu og samstilltu átaki til enn betri þjónustu við aðstandendur og sleit þar með þinginu.

### ***Þátttökulisti á Málþing í Viðey 23.nóv. 2006:***

#### **Starfsmenn KGA**

Smári Sigurðsson	KGA	Akureyri
Rúnar Arason	KGA	Akureyri
Sigrún Arngrímsdóttir	KGA	Akureyri

#### **Starfsmenn KGRP**

Halldór Pedersen	KGRP	Reykjavík
Helga Oddsdóttir	KGRP	Reykjavík
Helga Þóra Jónsdóttir	KGRP	Reykjavík
Margrét Guðjónsdóttir	KGRP	Reykjavík
Erla Pálmadóttir	KGRP	Reykjavík
Reynir Snædal Magnússon	KGRP	Reykjavík
Gunnar Jóhannsson	KGRP	Reykjavík
Helga Halldórsdóttir	KGRP	Reykjavík
Björn Sveinsson	KGRP	Reykjavík
Smári Guðmundsson	KGRP	Reykjavík
Heimir Björn Janusarson	KGRP	Reykjavík
Gísli Sveinbjörnsson	KGRP	Reykjavík
Hallgrímur Hallgrímsson	KGRP	Reykjavík
Jónbjörn Már Sigurðsson	KGRP	Reykjavík
Þórsteinn Ragnarsson	KGRP	Reykjavík
Guðmundur Óli Sigurðsson	KGRP	Reykjavík
Linda Jóhannsdóttir	KGRP	Reykjavík

#### **Kirkjugarðaráð:**

Guðmundur Rafn Sigurðsson	Kirkjug.ráð	Reykjavík
Sigurgeir Skúlason	Kirkjug.ráð	Reykjavík

#### **Prestar:**

Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson	prófastur	Reykjavík
Sr. Gísli Jónasson	prófastur	Reykjavík



Sr. Kristján Valur Ingólfsson	prestur	Reykjavík
Sr. Bragi Skúlason	prestur	Reykjavík
Sr. Sigurður Árni Þórðarson	prestur	Reykjavík
Sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir	prestur	Reykjavík
Sr. Valgeir Ástráðsson	prestur	Reykjavík
Sr. Svanhildur Blöndal	prestur	Reykjavík
Sr. Guðmundur Karl Ágústsson	prestur	Reykjavík
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir	prestur	Mosfellsbæ
Sr. Gunnlaugur Garðarson	prestur	Akureyri
Sr. Óskar Óskarsson	prestur	Akureyri
Sr. Birgir Ásgeirsson	prestur	Reykjavík
Sr. Lena Rós Matthíasdóttir	prestur	Reykjavík
Sr. Pálmi Matthíasson	prestur	Reykjavík

#### **Útfararaðilar:**

Bergljót Sigurðardóttir	starfsm. útf.st.	Akureyri
Matthías Þorbergsson	starfsm. útf.st.	Akureyri
Þorbergur Þórðarson	starfsm. útf.st.	Akranesi
Ólafur Örn Pétursson	starfsm. útf.st.	Reykjavík
Inger Steinsson	starfsm. útf.st.	Reykjavík
Arnór L. Pálsson	starfsm. útf.st.	Reykjavík
Rúnar Geirmundsson	starfsm. útf.st.	Reykjavík
Bryndís Valbjarnardóttir	starfsm. útf.st.	Reykjavík
Geir Harðarson	starfsm. útf.st.	Reykjavík
Hermann Jónasson	starfsm. útf.st.	Reykjavík
Davíð Ósvaldsson	starfsm. útf.st.	Reykjavík
Óli Pétur Friðþjófsson	starfsm. útf.st.	Reykjavík
Frimann Andrússon	starfsm. útf.st.	Reykjavík
Hálf dán Hálf dánarson	starfsm. útf.st.	Reykjavík
Ísleifur Jónsson	starfsm. útf.st.	Reykjavík
María Jóna Einarsdóttir	starfsm. útf.st.	Borgarnesi
Richard Woodhead	starfsm. útf.st.	Reykjanesbæ
Hreggviður Hreggviðsson	starfsm. útf.st.	Borgarnesi

#### **Aðrir:**

Jón Jóhannsson	djækni	Reykjavík
Hjalti Zóphóníasson	skrifst.stj.	Reykjavík
Rúnar Reynisson	kirkjuvörður	Reykjavík
Geir Jón Þórisson	lögreglan	Reykjavík
Orri Páll Ormarsson	Morgunblaðinu	Reykjavík
Indriði Valdimarsson	varastjórn KGSÍ	Akranesi
Katrín Birna Viðarsdóttir	varastjórinn KGSÍ	Ásólfssstaðir
Hreiðar Stefánsson	starfsm.	Mosfellsbæ
Páll S. Elíasson	stjórnarm.	Reykjavík
Halldór S. Magnússon	starfsm.	Garðabæ
Gunnar Hauksson	stjórnarm.	Reykjavík
Garðar Einarsson	starfsm. kirkjug	Selfoss